

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi skólaárið 1972—1973.

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma, sem miða skal við, er stundaskrá nemenda í skyldunámi skólaárið 1972—1973 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 66 frá 6. apríl 1971.
2. Neðangreindur stundaskrárramma tiltekur þann meðalfjölda kennslustunda, sem hver **nemandi** skal fá á viku hverri. Er ramminn settur upp þannig, að miðað er við 40 mínútna kennslustundir í öllum bekkjum, þ. e. bæði í 1.—6. bekk og 7.—8. bekk. Þrátt fyrir þessa viðmiðun er skólum heimilt að hafa einstakar kennslustundir lengri eða skemmri, ef slíkt er talið heppilegt frá kennslufræðilegu sjónarmiði. Samanlögð tímalengd vikulegra kennslustunda og vægi námsgreina á stundaskránni skulu hins vegar miðuð við neðanskráðan ramma.
3. Um frávik frá því, sem tilgreint er í stundaskrárrammanum, gilda ákvæði námsskrár fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, útg. af menntamálaráðuneytinu 1960. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt sérstakar undanþágur eða fráviksheimildir, ef rökstuddar óskir berast um slíkt.

Skipting stundaskrár.

	Bekkur							
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.
Íslenzka (þ. á m. lestur)	10	10	11	7	7	7	5	6
Skrift				3	2	2	1	
Reikningur/stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	6
Áttahagafræði	3	4	3					
Kristin fræði				2	2	2	2	
Saga og félagsfræði				2	1½	1½	2	2
Landafræði				2	1½	1½	2	2
Líffræði/náttúrufræði				2	1½	1½	2	2
Eðlis- og efnafræði					1½	1½	2	2
Danska					2	3	3	4
Enska							4	5
Tónmennt	1	1	1	1	1	1	1	1
Handavinna			2	2	2	3	2—4	2—4
Teiknun				2	2	2	2	2
Heimilisfræði							0—4	0—4
Íþróttir ¹⁾	2	2	2	3	3	3	3	3
Til ráðstöfunar	1	1	1	1	1	1	2	2
Vikulegar kennslustundir alls ²⁾	21	22	24	31	33	35	38	39
Vikulegur kennslutími í mín. ²⁾	840	880	960	1240	1320	1400	1520	1560

Skýringar 1) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

2) Heimilisfræði og sund ekki meðtalin í summunni.

Menntamálaráðuneytið, 5. apríl 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.